



ÁSAR OG LAXÁRVATN

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA RAFSTRENGS

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR OG YLFA LEIFSDÓTTIR

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2025/293



Byggðasafn
Skagfirðinga

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2025/293

Mynd á forsíðu: Horft VNV yfir fjárhús [3319-5]. Gamla íbúðarhúsið í baksýn.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2025. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
SAMANTEKT	5
HÆTTUMAT	5
NIÐURLAG	5
FORNLEIFASKRÁ.....	6
HURÐARBAK	6
HAMRAKOT	11
HEIMILDASKRÁ	12
VIÐAUKI 1	13
YFIRLITSKORT	13
VIÐAUKI 2	16
HÆTTUMAT VEGNA FRAMKVÆMDA	16

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningar jarðstrengs sem fyrirhugað er að leggja í landi Hæls, Meðalheims, Hurðarbaks, Hurðarbaks 2, Hamrakots, Orrastaða og Mánafoss að beiðni Rögnvaldar Guðmundssonar hjá RARIK. Guðmann Valdimarsson var einnig tengiliður við fornleifadeildina vegna verkefnisins.

Vettvangsvinna fór fram 24. september 2024. Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi og Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur sáu um undirbúning, vettvangsskráningu og skýrslugerð.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3319



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna, „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. hóbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat er tvennskonar í skýrslunni, annars vegar almennt hættumat, þ.e. vegna ástands minja nú eða aðstæðna í umhverfinu, og hins vegar vegna yfirvofandi framkvæmda. Hættumat vegna framkvæmda er í viðauka 2 aftast í skýrslu. Séu engar upplýsingar um almennt hættumat í fornleifaskrá eru minjarnar ekki metnar í hættu. Hættumat vegna framkvæmda er ekki tekið fram í fornleifaskrá.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Samantekt

Strengleiðin liggur í gegnum sjö jarðir en ekki hafði áður farið fram fornleifaskráning á svæðinu. Svæðið sem skráð var er 30m breitt belti og alls tæplega 6km langt. Svæðið er að hluta nýtt fyrir landbúnað og er sá hluti mikið raskaður af seinni tíma framkvæmdum. Sjö minjar voru skráðar innan skráningarsvæðisins.

Í viðauka 1 má sjá yfirlitsmyndir af strengleiðinni en í viðauka 2 er hættumat vegna framkvæmda.

Hættumat


Innan skráningarsvæðisins eru einar minjar metnar í hættu vegna náttúrulegra og/eða viðvarandi þátta, minjar [3319-7] vegna rofs.

Niðurlag

Í heildina voru skráðar sjö minjar innan skráningarsvæðisins en þær eru allar, nema ein, metnar í hættu vegna fyrirhugaðrar strenglagnar (sjá viðauka 2). Þá voru einar minjar [3319-7], metnar í hættu vegna náttúrulegra og/eða viðvarandi þátta. Minjarnar eru allar utan [3319-7] í grennd við bæjarstæði og allar landbúnaðar- eða búsetuminjar. Í landi Hurðarbaks fer strengleiðin í gegnum gamalt heimatún þar sem heimildir eru um nokkrar minjar í grennd við strengleiðina (Þjóðskjalasafn Íslands 1920) og ljóst að ekki má breyta mikið út af skráðri leið, ella skapist hætta fyrir óskráðar minjar utan skráningarsvæðisins. Á öðrum bæjum fer leiðin í gegnum jaðar túna, eða a.m.k. nokkuð fjarri bæjarstæðum, og þar er því minni hætta á ferðum.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. áðurnefnda 24. grein laga um menningarminjar, sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitskort af skráningarsvæðunum sem merkt eru inn með bleikum lit. Minjarnar eru merktar inn með appelsínugulum punktum.

Hurðarbak

Í landi Hurðarbaks voru skráðar sex minjar á strengleiðinni. Strengleiðin liggur í gegnum gamalt heimatún og því þarf að sýna aðgát við framkvæmdir á svæðinu þar sem minjar gætu víða legið undir sverði.

Hurðarbak-3319-1

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Túngarður hefur legið allan hringinn umhverfis gamla heimatúnið að Hurðarbaki, eða um ríflega 4ha svæði. Garðlagið var um 8-900m langt og um 60-200m frá gamla íbúðarhúsinu á Hurðarbaki (Þjóðskjalasafn Íslands 1920). Garðlagsbrot sjást enn á nokkrum stöðum.

Lýsing

Garðlagið sést ekki innan skráningarsvæðisins en miðað við heimildir hefur það legið þar í gegn, þá sjást garðlagsbrot enn á nokkrum öðrum stöðum, utan skráningarsvæðisins. Passa þær staðsetningar við legu túngarðsins á túnakorti (Þjóðskjalasafn Íslands 1920).

Aðrar upplýsingar

Garðlagið er merkt inn á túnakorti frá árinu 1920 (Þjóðskjalasafn Íslands 1920).



Mynd 2. Yfirlitskort af strengleið og minjum í landi Hurðabaks. Uppdráttur af túnakorti frá 1920 hefur verið settur inn með svörtu.

Hurðabak-3319-2

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 50m SSA af gamla íbúðarhúsinu að Hurðarbaki er niðurgröftur utan í grösugum hól. Hóllinn er merktur sem lína á kortum til glöggvunar.

Lýsing

Niðurgröfturinn er ferhyrndur, liggur norðaustur-suðvestur og er um 9x6m að utanmáli og 10-60cm djúpur, dýpstur í norðausturendanum, sem liggur inn í hólinn. Það má greina smá vegg umhverfis niðurgröftinn og því er talið líklegt að um matjurtagarð eða annað mannvirki sé að ræða. Í niðurgreftinum sést rabarbari, hugsanlega er um garðúrgang að ræða frekar en rabarbara sem hefur vaxið þarna. Hugsanlega er um yngri minjar að ræða, ekki er að sjá ummerki um niðurgröftinn á túnakorti eða loftmynd frá 1960 (Landmælingar Íslands 17.7.1960).



Mynd 3. Niðurgroftur [3319-2], horft til norðausturs.

Hurðabak-3319-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Utan í grasi grónum hól norðvestanvert, um 7m norðvestur af niðurgrefti [3319-2] er dæld. Hóllinn er merktur sem lína á kortum til glöggvunar.

Lýsing

Dældin er ílöng norðaustur-suðvestur um 4x2,5m að utanmáli og 30-50cm djúp og grasi gróin. Hugsanlega er um yngri minjar að ræða, ekki er að sjá ummerki um mannvirki á þessum stað á túnakorti eða loftmynd frá 1960 (Landmælingar Íslands 17.7.1960). Það gæti þó einnig bent til þess að dældin sé eldri en túnakortið.



Mynd 4. Dæld [3319-3], horft til norðvesturs.

Hurðabak-3319-4

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Dæld

Staðhættir

Um 15m austur af dæld [3319-4] og um 7m norður af heimreiðinni að Hurðarbaki er önnur dæld, dældin liggur austanvert í grösugum hól. Hóllinn er sem lína á kortum til glöggvunar.

Lýsing

Dældin er L-laga og liggur nálega austur-vestur, um 8x3m að utanmáli og um 40cm djúp og grasi gróin. Hugsanlega er um yngri minjar að ræða, ekki er að sjá ummerki um mannvirki á þessum stað á túnakorti eða loftmynd frá 1960 (Landmælingar Íslands 17.7.1960). Það gæti þó einnig bent til þess að dældin sé eldri en túnakortið.



Mynd 5. Dæld [3319-4], horft til norðausturs.

Hurðabak-3319-5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Um 110m austur af gamla íbúðarhúsinu að Hurðarbaki er dæld í graslendi.

Lýsing

Dældin liggur nálega austur-vestur og er um 11x25m að utanmáli og 10-20cm djúp. Það mótar fyrir útlínum veggja og virðist hafa verið um fjárhús með tveimur króm að ræða. Þá sést í steiptan kant á fjárbaði fyrir endann á garðanum. Um 1m vestur af dældinni er grjóthruga, um 4x4m að umfangi, líklega er um að ræða leifar af fjárhúsunum sem hefur verið ýtt út.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti eru mannvirki merkt inn á þessum stað. Þá sjást hér ummerki um mannvirki á loftmynd frá 1960 (Landmælingar Íslands 17.7.1960).



Mynd 6. Dæld [3319-5], horft til vesturs.

Hurðabak-3319-6

Hlutverk: Útihús, óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1920 er mannvirki merkt inn um 113m austur af því hvar gamla íbúðarhúsið, reist 1937 (Fasteignaskrá), stendur og um 20m austur af dæld [3319-3]. Engin ummerki sjást um mannvirkið í dag vegna sléttunar en þar sést nú aðeins grasi gróinn flötur.



Mynd 7. Á túnakorti er óþekkt mannvirki [3319-6] merkt inn á þessum stað. Líklega hefur verið um útihús að ræða, en hvers eðlis er ekki vitað. Engin merki eru um mannvirkið í dag vegna sléttunar.

Hamrakot

Í landi Hamrakots voru skráðar einar minjar á strengleiðinni.

Hamrakot-3319-7

Hlutverk: Stekkur, sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Um 0,5km suðvestur af húsinu á Hamrakoti, handan við Laxárvatn, um 100m frá bakka vatnsins, uppi á ási, er tóft. Tóftin liggur norðvestan í grashvammi. Svæðið er almennt gróið en víða blásið.

Lýsing

Tóftin er ílöng, um 10x5m að utanmáli, liggur nálega austur-vestur og er tvískipt. Vegg hæð er um 30-50cm og breidd veggja er að jafnaði um 1m. Austara hólfið er minna eða um 2,5x1,3m að innanmáli, vestara hólfið er um 6x2m að innanmáli. Op er á báðum hólfunum. Á minna hólfinu er op til suðurs en á því stærra hefur líklega verið op við suðausturhorn hólfsins, það hólfi er hins vegar illa farið af rofi og eru á því tvö önnur op, annað til suðurs en hitt til vesturs, líklega eru þau til komin vegna rofs. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi. Hugsanlega gæti verið um seltóft að ræða, en engar aðrar tóftir fundust þó í nágrenninu.



Mynd 8. Tóft [3319-7], horft til suðausturs.

Heimildaskrá

Fasteignaskrá (e.d). Húsnæðis og mannvirkjastofnun. <https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit>

Landmælingar Íslands. 16.07.1960. *Fluglínumynd*.
<https://atlas.lmi.is/loftmyndir/scanned/DMA/DMA39-07161.tif>

Þjóðskjalasafn Íslands. (1920). *Túnakort Hurðarbak*. <https://testbirting.manntal.is/>

Heimildamenn

Júlíus Árni Óskarsson, Meðalheimi og Hurðarbaki 2, 5.9.2024.

Jón Kristófer Sigmarsson, Hæli, 5.9.2024.


Kristín Breiðfjörð Kristinsdóttir, Hurðarbaki, 12.9.2024.

Viðauki 1


Yfirlitskort



Mynd 9. Yfirlitskort af strengleiðinni í landi Hurðarbaks, Hurðarbaks 2 og Meðalheims.



Mynd 10. Yfirlitskort af strengleiddinni í landi Meðalheims og Hæls.



Mynd 11. Yfirlitskort af strengleiðinni í landi Hamrakots, Orrastaða og Mánafoss.

Viðauki 2

Hættumat vegna framkvæmda

Í eftirfarandi töflu má sjá hættumat út frá framkvæmdalínunum frá verkkaupa, þ.e. jarðstreng. Voru sex minjar metnar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þrjár minjar lenda í strengleiðinni sjálfri, aðrar minjar eru 3-8m frá strengnum. Einar minjar, túngarður [3319-1], eru ekki taldar í hættu þar sem garðlagið er horfið innan skráningarsvæðisins og litlar líkur á jarðlægum minjum þar sem hann stóð.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Athugasemd
3319-1	Hurðarbak	Túngarður	Garðlag	Sést ekki	Engin hætta	Í strengleið en horfin
3319-2	Hurðarbak	Óþekkt	Niðurgroftur	Greinanlegar	Hætta	Í strengleið
3319-3	Hurðarbak	Óþekkt	Dæld	Vel greinanlegar	Hætta	8m frá streng
3319-4	Hurðarbak	Óþekkt	Dæld	Illgreinanlegar	Hætta	1m frá streng
3319-5	Hurðarbak	Fjárhús	Dæld	Illgreinanlegar	Hætta	7m frá streng
3319-6	Hurðarbak	Óþekkt	Heimild	Sést ekki	Hætta	3m frá streng
3319-7	Hamrakot	Stekkur	Tóft	Greinanlegar	Hætta	Í strengleið

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Hurðarbak	3319-1	Túngarður	Heimild	800	1900	Sést ekki	Engin hætta	443642	566116
Hurðarbak	3319-2	Óþekkt	Niðurgröftur	800	1900	Greinanlegar	Engin hætta	443609	566124
Hurðarbak	3319-3	Óþekkt	Dæld	800	1900	Vel greinanlegar	Engin hætta	443508	566089
Hurðarbak	3319-4	Óþekkt	Dæld	800	1900	Illgreinanlegar	Engin hætta	443509	566076
Hurðarbak	3319-5	Fjárhús	Dæld	1800	1980	Illgreinanlegar	Engin hætta	446195	564856
Hurðarbak	3319-6	Óþekkt	Heimild	1800	1960	Sést ekki	Engin hætta	443529	566088
Hamrakot	3319-7	Stekkur	Tóft	800	1700	Greinanlegar	Hætta	443466	566043